



HÁSKÓLI ÍSLANDS



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ  
FERÐAMÁLA



# Erlendir gestir í Reykjavík sumarið 2017

## Niðurstöður ferðavenjukönnunar

Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir  
2018

© Rannsóknamiðstöð ferðamála 2018

Útgefandi: Rannsóknamiðstöð ferðamála, Borgum v/ Norðurslóð, IS-600 Akureyri

Sími: (+354) 460 8930

Rafpóstur: [rmf@unak.is](mailto:rmf@unak.is)

Veffang: [www.rmfi.is](http://www.rmfi.is)

Titill: Erlendir gestir í Reykjavík sumarið 2017: Niðurstöður ferðavenjukönnunar

Höfundur: Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir

Umbrot og teikningar: Blek hönnunarstofa - [blekhonnun.is](http://blekhonnun.is)

Forsíðumynd: Reykjavík © RagnarTh Sigurdsson

Kápa: Ásprent - Stíll og Rannsóknamiðstöð ferðamála

Númer: RMF S-18-2018

ISBN: 978-9935-437-84-6

ISSN: 1670-8857

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.


# Erlendir gestir í Reykjavík sumarið 2017

## NIÐURSTÖÐUR FERÐAVENJUKÖNNUNAR

Rannsóknamiðstöð ferðamála hefur í samstarfi við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík staðið fyrir framkvæmd ferðavenjukönnunar meðal erlendra gesta á áfangastöðum frá árinu 2013. Með könnuninni er upplýsinga aflað um ferðahegðun og neyslu erlendra gesta á einstökum svæðum yfir sumartímann. Upplýsingarnar gefa m.a. vísbendingu um ástæðu heimsóknar, dvalarlengd gesta, upplifun þeirra og svæðisbundin útgjöld.

Sumarið 2017 var könnunin framkvæmd á sex stöðum landsins, Húsavík, Mývatnssveit, Akureyri, Siglufirði, Borgarnesi og Reykjavík. Í þessari samantekt eru birtar niðurstöður könnunarinnar í Reykjavík.

Verkefnið var fjármagnað af Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.



# EFNISYFIRLIT

Aðferð	2
Gestakomur	3
Ferðafélagar	4
Fjöldi samferðamanna	5
Gisting	6
Gistinætur	7
Gistimáti	8
Tilgangur ferðar	9
Ástæða heimsóknar	10
Tímasetning ákvörðunar um heimsókn	11
Ferðamáti	12
Dvalarlengd	13
Afþreying og þjónusta	14
Ánægja	15
Útgjöld	16
Athugasemdir	17
Samantekt	19

Spurningakönnunin sem er grundvöllur þessarar rannsóknar einkorðast við erlenda ferðamenn í Reykjavík sumarið 2017. Flestar spurninganna sem lagðar voru fyrir viðmælendur voru lokaðar þar sem svarendur merktu við þann svarmöguleika sem átti best við í þeirra tilfalli. Spurningar sem snéru að ástæðu heimsóknar, útgjöldum og athugasemdum voru opnar. Könnunin var á fjórum tungumálum, ensku, þýsku, frönsku og spænsku. Framkvæmd könnunarinnar var með rafrænum hætti þar sem þátttakendur svöruðu spurningunum á nettengdum spjalddölvum. Könnunin var hýst hjá MMR sem sá um frumgreiningu gagna.

Ferðamenn voru spurðir út í heimsókn sína til staðarins og ferðahegðun meðan á dvöl þeirra í Reykjavík stóð. Sérstaklega var spurt um útgjöld þeirra en þar var átt við þá upphæð sem greidd var fyrir kaup á neysluvörum og þjónustu sem og fyrir önnur verðmæti til eigin nota eða gjafa í sólarhring meðan á dvöl stóð. Það fól í sér útgjöld ferðamanna sem greidd voru af þeim sjálfum eða af öðrum fyrir þeirra hönd. Stuðst var við reglur þjóðhagsreikninga um einkaneyslu þar sem miðað er við að neyslan eigi sér stað við afhendingu þjónustu eða við eigendaskipti vöru hvort sem peningaleg greiðsla á sér stað um leið eða ekki.\* Útgjöld vegna gistipjónustu voru því metin þann sólarhring sem dvalið var á gististaðnum, vegna ferða þann sólarhring sem ferðin átti sér stað o.s.frv.

Búsetuland ferðamanna er ein af bakgrunnsbreytum könnunarinnar. Á nokkrum stöðum í skýrslunni er vísað í Breta, Bandaríkjamenn o.s.frv. þar sem niðurstöðurnar eru greindar eftir bakgrunnsbreytum. Er það gert til einföldunar en þar sem það á við er átt við ferðamenn með búsetu í Bretlandi, Bandaríkjunum o.s.frv.

Könnunin stóð yfir tímabilið 12. júlí til 20. ágúst. Jafnvægi var í dreifingu gagnasöfnunar innan sólarhringsins en könnunin var

framkvæmd frá kl. 9 til kl. 19. Spyrjar voru staðsettir á tveimur stöðum, Skólavörðuholti og í Upplýsingamiðstöð ferðamanna í Ráðhúsi Reykjavíkur. Þeir óskuðu eftir þátttöku allra erlendra ferðamanna sem urðu á vegi þeirra en alls voru 1198 erlendir ferðamenn beðnir um að taka þátt í könnuninni. Af þeim samþykktu 900 þátttöku eða 82% aðspurðra. Endanlegur fjöldi svara var yfir lágmarksstærð úrtaks miðað við 95% öryggismörk og +5% úrtaksskekkju. Meðalaldur svarenda var 38,6 ár, hlutfall kvenna var 55% og karla 45%.


Framkvæmd könnunarinnar var háð því að gestir staðarins færu fótgangandi um rannsóknarsvæðið á þeim tíma sem könnunin var framkvæmd. Með því var útilokuð þátttaka þeirra sem komu til staðarins eftir kl. 19 á kvöldin og fóru þaðan fyrir kl. 9 um morguninn sem og þeirra sem fóru ekki fótgangandi um hið skilgreinda rannsóknarsvæði á meðan framkvæmd spurningakönnunarinnar stóð. Um var að ræða úrtakskönnun og niðurstöðurnar ber að túlka sem vísbendingu um ákveðið ástand en forðast alhæfingar út frá þeim. Leitast var við að endurspegla þýðið sem best með því að reikna vigtarstuðul fyrir búsetuland ferðamanna. Þjóðerni erlendra ferðamanna samkvæmt gestakomum Hagstofu Íslands á höfuðborgarsvæðinu yfir sumarmánuðina þrjá voru notuð sem viðmiðunarþýði. Reiknuð var vigt fyrir hvert búsetuland til að auka eða minnka vægi þess í úrtakinu svo það endurspegladi sem best hlutfall þess í þýðinu. Við endurreikninginn jókst vægi ferðamanna frá Bandaríkjunum og Bretlandi en vægi ferðamanna frá Þýskalandi, Frakklandi og Spáni minnkaði.

Við úrvinnslu gagnanna var notast jafnt við SPSS og Excel. Við útreikninga á útgjöldum gesta í erlendum gjaldmiðlum var notast við miðgengi Seðlabanka Íslands þann 15. júlí 2017.

\*United Nations. (2010). The conceptual framework for tourism statistics - International Recommendations for Tourism Statistics 2008. Madrid: United Nations

## Gestakomur erlendra ferðamanna\*

Gestakomur erlendra ferðamanna á höfuðborgarsvæðinu sýna fjölda þeirra sem gista yfir nótt á staðnum hverju sinni. Þegar þær eru skoðaðar yfir sumarmánuðina þrjú síðustu fimm ár má greina talsverðar breytingar á þjóðerni ferðamanna. Hlutfall Bandaríkjamanna hefur t.a.m. tvöfaldast á meðan hlutfall Þjóðverja og Frakka hefur lækkað nokkuð.\*\* Er það í samræmi við þróunina meðal brottfararfarþega um Keflavíkurlflugvöll\*\*\*




\* Gestakomur erlendra ferðamanna á höfuðborgarsvæðinu sumrin 2013-2017 (júní til ágúst).

\*\* Hagstofa Íslands [e.d.]. Gistinætur og gestakomur á öllum tegundum gististaða eftir sveitarfélögum 2008–2017.

\*\*\*Ferðamálastofa. [e.d.]. Brottfarir erlendra farþega um Keflavíkurlflugvöll 2003-2018.

# Með hverjum ferðaðist þú?


Flestir ferðamanna voru á ferð með fjölskyldu og vinum (81%). Um 10% ferðuðust einir og 7% voru í hópferð. Niðurstöðurnar á landsvísu voru nokkuð svipaðar.\*



\* Ferðamálastofa. (e.d.). Landamæra- og viðhorfskönnun: júlí og ágúst 2017. Hægt var að velja fleiri en einn valmöguleika svo fjöldi svara er fleiri en svarenda.

## Hversu margir ferðuðust með þér, að þér meðtöldum?

Algengast var að gestir ferðuðust tveir saman (44%). Í um 19% tilvika voru börn undir 18 ára aldri með í för. Á landsvísu voru börn undir 18 ára aldri meðal ferðafélaga í um 16% tilvika.\*




\* Ferðamálastofa. (e.d.). Landamæra- og viðhorfskönnun: júlí og ágúst 2017.




## Dvaldir þú í Reykjavík síðustu nótt eða munt þú dvelja þar í nótt?

Af þeim gestum sem heimsóttu Reykjavík ætluðu um 85% að dvelja yfir nótt í borginni. Um 91% Frakka sögðust ætla að gista, 82% Bandaríkjamanna, 81% Breta og 79% Þjóðverja.



## Gistinætur erlendra ferðamanna\*

Gistinóttum erlendra ferðamanna á höfuðborgarsvæðinu hefur fjölgað nokkuð undanfarin ár. Frá árinu 2013 hafa þær tvöfaldast og voru 3.438 þúsund árið 2017. Lítil breyting varð þó yfir sumartímamann á milli áranna 2016 og 2017. Um 45% gistinátta erlendra ferðamanna á höfuðborgarsvæðinu voru frá maí til september 2017. Sama hlutfall var 54% árið 2013 svo vægi vetrargistingar hefur aukist nokkuð á tímabilinu.\*\*




\*Gistinætur erlendra ferðamanna á höfuðborgarsvæðinu eftir mánuðum 2013-2017.

\*\*Hagstofa Íslands (e.d.). Gistinætur og gestakomur á öllum tegundum gististaða eftir sveitarfélögum 2008-2017.

## Hvaða gistaðstöðu nýttir þú þér í Reykjavík?

Af þeim sem dvöldu yfir nótt í Reykjavík gistu flestir á hótélum eða alls um 31% ferðamanna. Um 12% gistu á gistiheimilum og 29% í einkagistingu. Til einkagistingar telst m.a. Airbnb og heimagisting. Alls gistu 10% á farfuglaheimilum og 7% á tjaldsvæðum. Á landsvísu var hlutfall gistingar á hótélum og gistiheimilum samtals 31% sem er heldur lægra en í Reykjavík. Hlutfall tjaldsvæða var hærra (20%) og einkagistingar lægra (16%)\*




\* Ferðamálastofa. (e.d.). Landamæra- og viðhorfskönnun: júlí og ágúst 2017. Svör þeirra sem dvöldu ekki yfir nótt eru undanskilin niðurstöðunum. Hlutföllin reiknast af heildarfjölda svara.

\*\*Í könnun Ferðamálastofu er hlutfall hótela og gistiheimila tekið saman og því er samanburður með þessum hætti hér.

## Hver er megintilgangur heimsóknar þinnar til Reykjavíkur?

Flestir sögðu megintilgang heimsóknar sinnar til Reykjavíkur vera frí eða alls um 87% gesta. Um 5% komu til að heimsækja vini eða ættingja og 2% voru í vinnutengdum erindagjörðum. Niðurstöðurnar á landsvisu voru mjög svipaðar.\*




\* Ferðamálastofa. (e.d.). Landamæra- og viðhorfskönnun: júlí og ágúst 2017

Um var að ræða fjölvalsspurningu. Niðurstöður eru birtar sem hlutfall af heildarfjölda svara líkt og í landamæra- og viðhorfskönnun Ferðamálastofu.

## Vinsamlegast tilgreindu ástæðu þess að Reykjavík varð fyrir valinu sem áfangastaður


Flestir þátttakenda (24%) sögðu heimsókn sína í höfuðborgina vera part af lengri ferð um Ísland. Næst flestir (18%) nefndu náttúru og fegurð landsins sem meginástæðu heimsóknar og um 16% ferðamanna sögðu ástæðuna einfaldlega vera þá að Reykjavík væri höfuðborg landsins. Alls nefndu um 10% menningu, sögu eða list og um 9% sögðu að Reykjavík væri fallegur eða áhugaverður staður. Um 8% sögðust hafa heimsótt borgina þar sem þeir hefðu millilent á Íslandi eða væru á leið til eða frá flugvelli. Færri en 5% nefndu aðrar ástæður en þær voru m.a. almennur áhugi á Íslandi, meðmæli, ódýrt flug og viðburður.\*



\* Spurningin var opin og svarendur skrifuðu ástæðu sem niðurstöðurnar eru greindar út frá. Í einhverjum tilvikum voru fleiri en ein ástæða og því eru fleiri svör en svarendur.

## Hvenær tókst þú ákvörðun um að heimsækja Reykjavík?


Ferðamenn í Reykjavík virtust almennt hafa ákveðið að heimsækja borgina áður en þeir komu til Íslands eða alls í um 80% tilvika. Um 4% tóku ákvörðun eftir að þeir komu til landsins og 10% sögðu að þeir hefðu einungis komið við á leið sinni annað. Um 10% svarenda sögðu að heimsóknin til höfuðborgarinnar væri meginástæða Íslandsferðarinnar.\*



\* Nokkrir aðspurðra nefndu fleiri en einn valmöguleika svo fjöldi svara er fleiri en svarenda.


## Hvernig ferðaðist þú til Reykjavíkur?

Langflestir ferðuðust til borgarinnar með bílaleigubílum eða um 39% gesta. Um 23% notuðu áætlunarrútu (s.s. flugrútu og Strætó) og um 16% ferðuðust með hópferðabíl. Um 6% notuðu innanlandsflug, 4% einkabíla og 4% komu með skemmtiferðaskipum. Annar ferðamáti telst t.d. reiðhjól og puttaferðalag.



## Hversu lengi telur þú að dvöl þín í Reykjavík muni vara?

Meðaldvalarlengd erlendra ferðamanna í Reykjavík var um 2,6 dagar. Flestir dvöldu á staðnum í 24-48 klst. eða um 32% gesta. Meðaldvalarlengd dagsgesta var 8,3 klst. og næturgesta 2,9 dagar. Dvalarlengd Bandaríkjamanna var 2,9 dagar, Bretar dvöldu að meðaltali í 2,7 daga, Þjóðverjar í 2,1 dag og Frakkar í 2,0 daga.






## Vinsamlegast tilgreindu hvaða þætti/afþreyingu þú hyggst nýta þér í Reykjavík

Flestir ætluðu að fara á söfn meðan á dvöl þeirra stóð eða alls um 53% gesta. Um 29% sögðust ætla að smakka mat úr héraði og 27% ætluðu í sund. Um 17% nefndu menningarviðburð, s.s. tónleika, handverkshús eða gallerí. Alls sögðust 16% ferðamanna ætla að kíkja á næturlífið og 14% ætluðu í gönguferð um borgina með leiðsögn. Um 14% gesta ætluðu í hvalaskoðun. Færri nefndu aðra þætti en þeir voru m.a. fuglaskoðun, hjólaferð, reiðtúr, jeppaferð og veiði.



Um 71% ferðamanna frá Bandaríkjunum ætluðu á söfn en einungis 40% frá Þýskalandi. Hlutfallið var nær meðaltalinu meðal Frakka (49%) og Breta (49%). Næturlífið var vinsælast hjá aldurshópnum 25-34 ára en síst vinsælt meðal þeirra sem voru 65 ára og eldri.



## Hversu ánægð/ur ert þú með heimsókn þína til Reykjavíkur?

Alls sögðust um 50% ferðamanna vera mjög ánægðir með dvölinu í Reykjavík og tæplega 43% voru ánægðir. Um 7% sögðust þó hvorki vera ánægðir né óánægðir, um 0,5% voru óánægðir og 0,4% mjög óánægðir. Á skalanum 1-5 var ánægjustig gesta 4,41.\*

Ánægjustigið var nokkuð jafnt eftir búsetulöndum gesta. Það mældist 4,6 meðal breskra ferðamanna og 4,5 hjá Bandaríkjamönnum. Ánægjustig Þjóðverja og Frakka var aðeins lægra eða 4,3.




\*„Mjög óánægðir“ fengu gildið 1 og „mjög ánægðir“ gildið 5

## Vinsamlegast áætlið sólarhringsútgjöld ykkar í Reykjavík eftir útgjaldaliðum

Meðalútgjöld erlendra ferðamanna á sólarhring voru 38.948 kr.\* Upphæðin reiknast á alla svarendur óháð því hvort þeir greiddu fyrir vörur og þjónustu eða ekki. Útgjöldin voru hæst í flokki gistingar en um 77% aðspurðra greiddi fyrir þann þjónustubátt meðan á dvöl þeirra stóð. Alls keyptu 90% þátttakenda veitingar, 56% menningartengda þjónustu, um 47% greiddu fyrir afþreyingu og 82% keyptu vörur í verslunum borgarinnar. Til afþreyingar teljast m.a. gönguferðir með leiðsögn, hestaferðir, skoðunarferðir og sund. Til menningar teljast m.a. söfn, gallerí, sýningar og tónleikar. Útgjöld vegna samgangna eru m.a. eldsneyti, leigubílar og annar akstur innan borgarinnar.


Meðalútgjöld Frakka og Þjóðverja voru um 27.000 kr. en útgjöld Bandaríkjamanna voru tæplega tvöfalt hærri eða um 51.000 kr. Munar þar mestu um útgjöld vegna gistipjónustu, veitinga og afþreyingar en þeir liðir voru talsvert hærri meðal ferðamanna frá Bandaríkjunum.



\*Útgjöldin reiknast á miðgengi Seðlabanka Íslands 15. júlí 2017

## Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi dvöl þína í Reykjavík?

Af þeim sem komu með athugasemdir um dvöl sína í Reykjavík kvörtuðu um 48% yfir háu verðlagi. Virtist það eiga við um flesta þjónustubætti og einhverjir nefndu að gæði þjónustunnar stæðu ekki undir verðlagningunni. Um 13% nefndu sérstaklega að Reykjavík væri falleg eða skemmtileg borg, um 10% gerðu athugasemdir um heimamenn og þar voru 8% ánægðir með gestrisni og gott viðmót en 2% gesta kvörtuðu undan ókurteisi. Alls kvörtuðu 6% ferðamanna yfir veðrinu, um 6% sögðu að Ísland væri fallegt land og 6% höfðu ekkert nema gott um dvölinu að segja án frekari skýringa. Færri en 5% nefndu aðra þætti s.s. skort á almenningssalernum og of mikinn fjölda ferðamanna. Einhverjir gerðu athugasemdir við upplýsingar til ferðamanna og aðrir töluðu um list og menningu í sínum athugasemdum.



Ég er ekki vanur lyktinni af vatninu á hótelinu. Of mikið af steinefnum í því

Hugsið ekki bara um að byggja hús. Hér þarf að huga að heilbrigðri framtíð

Hönnun og byggingarlist er fallegri hér en ég átti von á

Meiri upplýsingar á frönsku

Salernis- og þvottaaðstaðan á tjaldsvæðinu var sóðaleg

Ég átti von á meiru í Reykjavík

Það vantar upplýsingar um verð í flesta bæklinga og auglýsingar

Veðrið gæti verið betra

Ferðirnar virðast vera illa skipulagðar

Fleiri bekkji takk

Af hverju er svona mikið veggjakrot hérna?

Hér er enginn opinn leikvöllur fyrir börn

Falleg borg

Það vantar upplýsingar um glútenlaust fæði á veitingastöðum

Ósamræmi milli verðs og gæða hjá hótelum í borginni

Hjálplegt og vingjarnlegt fólk

Allt er of dýrt hér. Þó hér sé flest í lagi þá er þetta enginn lúxus

Hér er allt of dýrt

Allt í góðu lagi

Ísland er fallegt land

Mjög gott andrúmsloft

Faðmlag

Verðlagið hér er hreinasta svivirða. Sviss er ódýrt í samanburði við þetta.

Hér vantar almenningssalerni

Setjið upp fleiri ruslatunnur

Miklu stærri staður en við áttum von á

Friðsæl og örugg borg

Upplýsingamiðstöðin er frábær

Ég kemst bara á eitt tjaldsvæði með almenningssamgöngum

Á Hawai sem er líka eyja er allt ódýrara

Fólkið hér er óvingjarnlegt

Frábær ævintýraferð

Það væri fínt að hafa veðurspána á afgreiðsluborðinu í Upplýsingamiðstöðinni

Verndið landið fyrir of miklum ágangi ferðamanna

Bæklingarnir á Upplýsingamiðstöðinni eru gagnlegir. Engu að síður þarf maður Internetaðgang til að fá fullnægjandi upplýsingar.

Ég elska tungumálið ykkar

Skrýtið að það sé engin heit mjólk eða kakó í morgunmat

Of margir ferðamenn. Næst kem ég ekki á háannatíma

Áhugaverð söfn

Ég varð fyrir vonbrigðum með listagalleríið

Miðborgin er að þróa vel

Kostnaður vegna matvöru og afþreyingar er mjög fráhrindandi og kemur í veg fyrir frekari heimsóknir

Ég hef áhyggjur af því að vaxandi áhugi ferðamanna á Íslandi geti haft neikvæð áhrif á landið og yndislega íbúa þess

Fleiri erlendir ferðamenn heimsækja nú Reykjavík en upphaflegar spár gerðu nokkru sinni ráð fyrir. Þeir heimsækja borgina helst vegna náttúruferðar Íslands en heimsóknin er gjarnan hluti af lengri ferð um landið. Ferðamenn vilja sjá höfuðborg landsins sem þeir telja fallega og með áhugaverða sögu. Einnig hefur áhrif að hún er í nálægð við Keflavíkflugvöll. Þetta er meðal þess sem kemur fram í niðurstöðum könnunarinnar.

Erlendir ferðamenn dvöldu að meðaltali í 2,6 sólarhringa í borginni og alls gistu 85% þeirra yfir nótt. Dagsgestir dvöldu að meðaltali í 8,3 klst. og næturgestir í 2,9 sólarhringa. Algengasti gistimátinn var hótél (31%) og einkagisting (29%). Um 45% gistinátta erlendra ferðamanna á höfuðborgarsvæðinu var frá maí til september 2017. Sama hlutfall var 54% árið 2013 svo vægi vetrargistingar hefur aukist nokkuð á tímabilinu.

Ferðamenn eyddu um 39 þúsund kr. á sólarhring í Reykjavík og hæstu útgjaldaliðirnir voru gisting og veitingar. Alls greiddu 77% ferðamanna fyrir gistingu, um 90% fyrir veitingar og 47% fyrir afþreyingu. Útgjöld ferðamanna frá Bandaríkjunum voru tæplega tvöfalt hærra en ferðamanna frá Þýskalandi og Frakklandi. Markast það helst af vali gesta frá Bandaríkjunum á dýrari gistimáta og hærra útgjalda vegna veitinga og afþreyingar.

Almennt höfðu ferðamenn tekið ákvörðun um að heimsækja Reykjavík áður en þeir komu til landsins (80%). Þó sögðust 10% vera á leið annað og einungis koma við í borginni á leið sinni þangað. Um 10% sögðu að heimsókn sín til Reykjavíkur væri meginástæða Íslandsferðarinnar.

Um helmingur ferðamanna ætlaði að heimsækja söfn borgarinnar og um 29% áformaði að fara í sund. Alls sögðust 17% ætla á menningarviðburð og 16% hugðust kíkja á næturlífið. Um 14% ætluðu í hvalaskoðun og 29% að smakka mat úr héraði.

Almenn ánægja var meðal ferðamanna með dvölinu í borginni þar sem 50% sögðust vera mjög ánægðir og 43% ánægðir. Á skalanum 1-5 mældist ánægjustigið 4,4. Í athugasemdum lýstu menn yfir ánægju með ferð borgarinnar en þó mátti greina talsverða óánægju með hátt verðlag á vörum og þjónustu þar sem helmingur athugasemda kom inn á það.

Niðurstöður könnunarinnar gefa vísbendingu um stöðu ákveðinna þátta ferðþjónustu í Reykjavík sumarið 2017. Varast ber að alhæfa út frá niðurstöðunum en engu að síður eru þessar upplýsingar ásamt öðrum áreiðanlegum gögnum í ferðþjónustu mikilvægt þúsl í heildarmynd atvinnugreinarinnar á landsvísu. Athugasemdir og óskir ferðamanna sem koma fram í könnuninni auka einnig skilning á þörfum þeirra og upplifun meðan á dvöl stendur og eru mikilvægar fyrir svæðisbundna stefnumótun og uppbyggingu atvinnugreinarinnar.